

Stafrænt ráð 14. september 2022: Fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokksins um verkefni atvinnu- og borgarþróunarteymis - PON22080053

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn: Eitt hlutverk atvinnu- og borgarþróunarteymis er að fjalla um atvinnuþróun, og eiga í samstarfi við svokallaða hagaðila. Fulltrúi sósíalista óskar eftir ítarlegri skilgreiningu á því hvað teymið lítur á sem hagaðila. Sömmuleiðis er óskað eftir ítarlegu yfirliti yfir þá einstaklinga sem hafa setið fundi með teyminu annað hvort sem hagaðilar sjálfir eða sem fulltrúar hagaðila eða í þessu samstarfi á síðasta kjörtímabili. Einnig er óskað eftir hvert efni þeirra funda hefur verið, ef þær upplýsingar liggja fyrir. Fara þessi samtöl fram að ósk teymisins eða sækjast umræddir hagaðilar eftir viðtölum við það? PON22080053